

STJÓRNARTÍÐINDI B 108 – 1995

29. nóvember 1995

1553

Nr. 604

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um sölu og veitingar áfengis,
nr. 425 8. september 1989.

1. gr.

1.–4. gr. falla brott.

2. gr.

5. mgr. 6. gr. fellur brott.

3. gr.

Við 13. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Með sama hætti skulu eftirlitsmenn hafa eftirlit með þeim sem hafa leyfi til að veita áfengi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. áfengislaga.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 29. nóvember 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Högni S. Kristjánsson.

30. nóvember 1995

Nr. 605

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 559/1995 um úthlutun á tollkvótum vegna
innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Við upptalningu á vörum úr tollnúmeri 0706.9000 í 2. gr. reglugerðarinnar bætist við orðið *rauðrófur*.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sbr. breytingu með lögum nr. 87/1995 og öðast gildi 1. desember 1995.

Landbúnaðarráðuneytið, 30. nóvember 1995.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Jón Höskuldsson.